

63. Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 21. sept 2015. Fundargerð.

Mætt voru: Perla Fanndal, Jón Einar Jóhannsson, Hjalti Jóhannesson, Ingimar Tryggvason og undirritaður.

Vegna fundarefnis, neðangreindrar deiliskipulagstillögu, hafði Jón Ingi Cæsersson boðað fjarvist þar sem hann situr sem varafulltrúi í Skipulagsnefnd.

1. Lögð fram deiliskipulagstillaga vegna Hvannavalla-Glerárgötu reits. Þar er ætlunin að byggja íbúða- og verslunarkjarna.

Hverfisnefnd hefur nokkrar áhyggjur af umferðarmálum; vill endurbætur á Tryggvabraut samhliða skipulagi.

Gera þarf fyrirbyggjandi ráðstafanir gegn auknum umferðarþunga um Hvannavelli.

Skapa þarf íbúum svæðis viðunandi hljóðvist, m.a. vegna umferðar á Glerárgötu sem atvinnutækja.

Hverfisnefnd vill sjá alla búsetumöguleika, þ.e. íbúðir af öllum stærðum ætlaðar fólki á öllum aldri.

Nefnd lýsir yfir ánægju með aukna búsetumöguleika á svæðinu !

2. **Rætt, enn og aftur, um áhyggjur af útleigu- og gistiheimilavæðingu** innan hverfis m.t.t. tilheyrandi fækkunar í grunnskóla og leikskóla svæðisins; þar eð þaðan sem ekki er föst búseta koma engin börn í skólana.
3. **Hverfisnefnd leikur forvitni á að vita hvað líður bílhreja- og ruslaátaki** á vegum bæjaryfirvalda. Einnig hvort eitthvað átak sé væntanlegt varðandi auðar lóðir á vegum bæjarins, s.s. Norðurgötu 5-7 og Lundargötu

Á Kaffi Símsstöðinni, Hafnarstræti 102 , 21.sept 2015

Arnór Bliki Hallmundsson, ritari Hverfisnefndar Oddeyrar.